



Kynning
Ársáskrift kr. 250—
— 120 tils. —
Áskriftasímar:
8-15-33 og 8-15-34

STEFÁN SNÆBJÖRNSSON:

design

LISTIÐNAÐUR OG IÐNHÖNNUN

Frá fyrstu tíð hefur viðleitni manna beint í þá átt að fegra hluti þá, er þeir hafa haft handa á milli og notað frá degi til dags. Jafnvel á allra frumstæðustu hlutum, svo sem ýmsum tækjum steinaldarmanna, má sjá glögg dæmi þess, að miklum tíma og hugkvæmni hefur verið varið til að gera verkfæri og vopn sem handhægust. Þessi viðleitni, þar sem nota gildið skiptir meginmáli, þar oft þann árangur, að hlutir þessir búa yfir miklum þokka og jafnvel listrænum eiginleikum. Skreytingar, sem varðveitt hafa frá þessu menningarskeiði, bera þess og glögg vitni, að þrátt fyrir frumstæða lifnaðarhætti leynist með manningnum listræn tjáningarþörf og viðleitni til að fegra umhverfi sitt. Umkomuleysi steinaldarmannsins gerir honum auðvelt fyrir að rata beint að kjarna viðfangsefnisins, og

aukaatriði og sýndarmennska eiga ekki tilverurétt í heimi hans.

Þó að langur þróunarferill skilji okkur nútímamenn frá forfeðrum okkar hellisbúunum þrátt fyrir menningarlegar og stjórnmálalegar byltingar, er setja svip á okkur sjálf, á umhverfi okkar og lifnaðarhætti, erum við samt sem áður háð hinum mörgu smáu hlutum, er þjóna líkamelegum þörfum okkar og andlegri velíðan. Það er einmitt á þessum þörfum, sem ýmiss konar smáíðnaður og listiðnaður byggir tilverurétt sinn.

Í öllum menningarlöndum, þar sem iðnaður hefur náð fótfestu og þroska, er lögð mikil áherzla á hönnun iðnaðarframleiðslunnar. Jafnframt því að gæða framleiðsluna menningarlegum verðmætum felur þetta í sér bættu samkeppnisaðstöðu á sístækkandi markaðssvæðum. Það er ljóst,


að sé ekki lögð áherzla á betri formköpun, jafnframt stöðlun og sjálfvirkni, munu þær þjóðir, er vanrækja framangreind atriði, fljótt dragast aftur úr og verða þiggjendur þeirra, er fram úr skara.

Hönnun á Norðurlöndum

Undanfarna áratugi hefur skandinaviskur listiðnaður og iðnaðarvörur átt miklum og síauknum vinsældum að fagna um heim allan. Útflutningur iðnaðar og listiðnaðarvöru frá Norðurlöndum hefur farið ört vaxandi og verður æ þýðingarmeiri fyrir gjaldeyrisöflun landanna.

Hvað er það, sem hefur gert framleiðsluvörur þessara smáþjóða svo eftirsóknarverðar í augum milljónaþjóða, er í mörgum tilfellum standa langt framar í tæknilegu tilliti? Það orkar ekki tvímælis, að það menn-


1.



1. Dolkur og axarhaus frá steinöld yngri, ár ca. 3000—1500 f. Kr. (Þjóðminjasafn Íslands).



2.



3.

ingarlega gildi, sem Norðurlandaþjóðunum hefur tekizt að gæða iðnaðarvörur sínar og listiðnað, skírskotar til tilfinninga, sem virðast oft gleymast eða vera vanmetnar meðal risaþjóða. Það er sorgleg staðreynd, að alltof oft verður hið listræna utan-gátta í fjöldaframleiðslunni.

Sú áherzla, sem Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt á hönnun (design) iðnaðarvöru sinnar, hefur skapað henni þá sérstöðu, sem að ofan greinir.

Það verður nú með vissu sagt, að sú stefna eða hugsunargrundvöllur, sem skandinaviskir listiðnaðarmenn hafa byggt á, hafi staðið af sér þær byrjunarþrengingar, sem nýjar stílhreyfingar þurfa svo oft að ganga í gegnum. Það hefur tekizt að hindra,

að nýjungar gengju út í öfgar og dæmdu sjálfar sig til skammlífis.

Það verður ekki sagt að um neinar stökkbreytingar hafi verið að ræða, heldur hægfara þróun, þar sem samhengið við fortiðina er áþreifanlegt.

Funktionalismi

Samfara tæknibyltingu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina skapast ný viðhorf í húsagerðalist og á öllum sviðum listiðnaðar, þar sem véltækninni verður við komið. Hópar einstaklinga, er höfðu haft viðurværi sitt af heimilisþjónustu, hverfa til iðnaðarframleiðslunnar og í verksmiðjurnar, um leið og henni hefur vaxið fiskur um hrygg. Nýr hópur neytenda verður til, og heimilishald breytist.


Hús og innanstokksmunir, sem oft þjónuðu þeim tilgangi einum að bera þjóðfélagsstöðu og efnahag eigendanna vitni, eru orðnir utanveltu og næstum því til trafala.

Þegar vélar og verksmiðjur leysa handiðnaðarmenn af hólmi og veita inn á markaðinn vörum, sem áður urðu til undir umsjá iðnmeistara, er höfðu til að bera listagáfu og tæknilega getu, er mönnum ljós nauðsyn þess, að veita nýju lífi í formsköpun með tilliti til breyttra þjóðfélagsháttar.

Vagga þessara nýju viðhorfa í byggingarlist og listiðnaði stóð í Þýskalandi.

Úr þessum jarðvegi þróast funktionalisminn. Hús og húsmunir fá svip sinn og yfirbragð fyrst og fremst

4.



2. Stóll, Mies van der Rohe, 1927.

3. Fagus verksmiðjurnar, W. Gropius og A. Meyer, 1911.

4. „Sunnudagur“, borgarastéttin nýtur lífsins, Georges Seurat, 1859—91.

5. Stóll, Alvar Aalto, 1935.

6. Borðstofuhúsgögn, C. Malmsten, 1958.

7. „Safaristóll“, Kaare Klint, 1933.

8. Hnífapör úr stáli, Tias Eckoff, 1961.



5.



6.

af þeim tilgangi, er þeir eiga að þjóna, efni og framleiðsluaðferð standa í rökréttu samræmi við hann. Þetta er tími einfaldleika og léttleika í formi og efni.

Á þessum árum hafa Norðurlanda-þjóðirnar tekið funksjonalismann upp á arma sína. Meðan aðrir Evrópumenn glíma við stál og gler, sækja Skandinavar hráefni sitt í skógana, áherzla er lögð öðru fremur á að láta hráefnið njóta sín.

Nokkrir frumherjar

Alvar Aalto gerir tilraunir með „laminerað“ (samlímdar viðarþynnur) finnskt birki, nærtækan efnivið, sem með þessari tilverkun fól í sér styrkleika stálsins, en bauð jafnframt


upp á mannlegan hlýleik. Mörg þessara frumsmíða hans eru ennþá framleidd. Þó að Alvar Aalto verði hvorki talinn fyrsti né eini spámaður skandinavisku stefnunnar, er hann þó gott dæmi um þá viðleitni, sem er mergurinn málsins, það er að byggja á og hreinrækta þá möguleika, sem fyrir hendi eru, leggja áherzlu á aðalatriði, en leiða hjá sér yfirborðskennda lausn viðfangsefnisins.

Svíinn Carl Malmsten er óumdeilanlegur frumherji nútíma sænskrar húsgagnagerðar. Þegar fyrir fyrri heimsstyrjöld hefst hann handa, og 1917 dregur hann að sér athygli fyrir húsgögn sín, einföld furuhúsgögn, yfirleitt máluð í ljósum litum. Ekki aðeins húsgögn, heldur og hugmyndir Malmstens, sem leit á bóndabæinn


sem hinn raunverulega kjarna samfélagsins, vöktu menn til umhugsunar um frumstæð verðmæti á þeim tímum, sem vélmenning og fjöldaframleiðsla var flestum hið eftirsóttta takmark.

Kaare Klint er talinn einn helzti brautryðjandi í danskri húsgagnagerð seinni tíma. Árið 1924 er hann útnefndur yfirmaður þeirrar deildar Listaakademiunnar í Kaupmannahöfn, er fjallar um húsgagnagerðarlist.

Þeir, sem hæst hefur borið í Danmörku undanfarið á þessu sviði, hafa verið lærisveinar hans á sínum tíma og átt ríkan þátt í þeirri fullkomnun, sem ekki aðeins dönsk húsgögn, heldur listiðnaður, hvaða nafni sem nefnist, hafa náð.



7.



8.




9.

Í Noregi hefur þróun þessara mála orðið með nokkuð öðrum hætti og næsta lítið að Norðmönnum kveðið fyrir en eftir 1945.

Eftir að efnahagur þeirra batnar, verður þó greinileg og ör þróun fram á við, bæði á sviði listiðnaðar og ekki síður í húsagerðarlist.

Norðmenn hafa nú haslað sér völl sem framsæknir listiðnaðarmenn. Þeir hafa fært sér í nyt þekkingu og reynslu nágrannanna.

Stjórnvöld landsins hafa lagt áherzlu á að efla listiðnað og hönnun iðnframleiðslu. Í því sambandi má benda á farandsýningar erlendis (einkum í Austur-Evrópu) á vegum norska utanríkisráðuneytisins, þar sem sýndur hefur verið norskur listiðnaður og iðnhönnun (industrial design).



10.

Þó að hér að framan hafi mest verið rætt um húsgögn, er ekki síður athyglisvert það, sem gerzt hefur á öðrum sviðum listiðnaðar. Nægir í því sambandi að benda á það blómaskeið, sem ríkir í finnskum listinaði um þessar mundir. Það, sem einkum einkennir finnskan listiðnað í dag, er, hversu óhræddir Finnar eru að fara nýjar leiðir í leit að tjáningarformum.

Listiðnaður og iðnhönnun á Íslandi

Með tilliti til þess, hver áhugi og skilningur ríkir á Norðurlöndum og yfirleitt meðal iðnaðarþjóða fyrir gildi þróaðs listiðnaðar, ekki eingöngu sem söluvöru, heldur ekki síður sem menningarlegu atriði, er ekki úr vegi að skyggjast um og athuga, hvar við erum stödd í þessum efnum.

Framan af er þróun iðnaðar á Íslandi með svipuðum hætti og víðast annars staðar. Náttúruhagir menn voru fengnir til að gera nauðsynlegustu hluti til heimilishalds og augnalyndis.

Hér á landi gera menn frá fyrstu tíð alls kyns ílát og tæki úr tré og þá jafnan aðeins einn hlut með sama mynztri eða útskurði.

Askar, rokkar, rúmfjalir, kistur og hlutir af slíku tagi voru oft merktir eigendum sínum og báru auk þess ýmis einkenni, er höfundurinn hafði lagt sér til í samkeppni við aðra hagleiksmenn. Iðnaður á Íslandi er með sniði heimilisiðnaðar allt fram yfir aldamót 1900, og í örfáum greinum er um „hópvinnu“ að ræða fyrir en eftir 1920.

Við nýsköpun þjóðfélagshátta,

11.



9. Glerkrukka, Timo Sarpaneva.

10. Sálðþrykk, Maija Isola.

11. Askur, spónn og sýrkanna (Þjóðm.safn Íslands).



12.

með nýjum vinnuaðferðum og stórvirkari framleiðslutækjum en áður þekktust, rofnar samhengið milli hins nýja og gamla tíma.

Tengiliðurinn við fortíðina er ofur veikur og freisting til eftirþunar þeirra, er lengra voru komnir, nærtæk.

Í niðurlagsorðum greinar um húsgagnasmíðar á Íslandi í Iðnsögu Íslands segir Guðmundur Finnbogason m. a.: „Stíll á húsgögnum hefur að mestu leyti verið eftir útlendum fyrirmyndum, er iðnaðarmenn hafa fengið úr iðnritum og á ferðum sínum erlendis.—“

Þó að Iðnsaga Íslands sé rituð fyrir 25 árum, á þetta í mörgum tilfellum við enn í dag og um fleiri greinar iðnaðar en húsgagnagerð. Þrátt

fyrir mikinn vöxt og tæknilegar framfarir í iðnaði hér síðustu áratugi hefur verið furðuhljótt um ýmsan listiðnað, og sjaldan heyrist talað um nauðsyn þess að leggja áherzlu á iðnhönnun.


Húsgögn

Af þeim iðngreinum, er fallið gætu undir listiðnað, hefur einna mest kveðið að húsgagnagerð.

Á sviði húsgagnagerðar hafa undanfarin ár orðið stórstígar framfarir í tæknilegum efnum. Margar húsgagnaverksmiðjur hér standa nú um vélakost fyllilega jafnfætis því, sem bezt gerist í Evrópu. Engu að síður er margt, sem betur mætti fara, og þá sérstaklega hönnun húsgagna.



Kaupmönnum og framleiðendum

er tíðrætt um bætt vörugæði, aukið vöruval og framfarir. Það getur ekki talizt nema skiljanlegt, að hverjum finnist sinn fugl fagur, og varla gæti það talist góð kaupmennska að viðurkenna, að í harðri samkeppni við innflutt húsgögn og vegna hárra hráefnatolla virðist framleiðandinn verða að láta mismuninn koma niður á listrænu eða fagurfræðilegu gildi hlutarins. Engu er hægt að eyða í hönnun eða endurbætur á framleiðsluvörinni. Kaupmaðurinn, sem hins vegar flytur inn tilbúna vöru, verður að láta sér nægja vöru, sem er í meðallagi um gæði og verð, þar eða fyrsta flokks húsgögn erlend yrðu svo dýr í innflutningi með aðflutningsgjöldum og 90% tolli og álagningu, að örfáir gætu keypt.




13.

14.



12. Stóll, Halldór Hjálmarsson.
13. Lár, (Þjóðm.safn Íslands).
14. Stóll, Gunnar Magnússon.



15.

Innflutningurinn, sem sumir hafa viljað halda fram, að væri hinn nauðsynlegi hvati fyrir okkar framleiðendur, er evrópskt meðallag, sem ósjálfrátt verður mælikvarðinn á gæðavöndun og formskyn framleiðenda og alls almennings hér.

Eftir því sem næst verður komizt, eru innflutt húsgögn u. þ. b. 10% af seldum húsgögnum s.l. ár.

Innflutningskvótinn 1966 var um 19 millj. + ca 100%, þ. e. ca 38 millj. að söluverðmæti. Söluverðmæti innlendrar húsgagnaframleiðslu er áætlað vera 340 millj. (Ókleift hefur reynt að afla fullnægjandi heimilda um framleiðslu eða söluverðmæti innlendra húsgagna).

Það væri fróðlegt að vita, hve miklum hluta af þessari upphæð hef-

ur verið varið til formköpunar og/eða tilrauna til könnunar á gæðum hráefnis og endingargildis fullunninnar vöru.

Það dylst engum, sem til húsgagnaframleiðslu þekkir, að framleiðendur eiga við ýmsa erfiðleika að etja, og það er kannski ótímabært að ætlast til, að okkar framleiðendur geti í dag eða á morgun keppt við t. d. Norðurlandþjóðirnar á þessu sviði.

En það hlýtur þó vissulega að vera takmarkið. Eins og um fleiri greinar iðnaðar veldur hinn þröngi markaður mestum erfiðleikum, en þessi markaður verður heldur ekki stækkaður, nema veruleg hugarfarsbreyting eigi sér stað með tilliti til eigin formköpunar framleiðenda.

16.




Árið 1959 og 1960 gengust húsgagnaarkitektar og framleiðendur fyrir húsgagnasýningum. Þetta var vissulega spor í rétta átt og hefði átt að geta orðið upphaf að íslenskri hönnun íslenskra húsgagna.

Þeir hlutir, er fram úr þóttu skara, voru sendir á handiðnaðarsýningu í München. Einn þessara muna hlaut þar viðurkenningu. Á þessum húsgagnasýningum var einnig sýndur annar listiðnaður, svo sem keramik, silfur (smelti) og myndvefnaður. Ég þykist vita, að flestir er sóttu þessar sýningar, telji sig hafa haft nokkurt gagn og gaman af.

Það er miður, að þessi starfsemi skuli hafa legið niðri um sinn.

17. og 18.




15. Stóll, Gunnar H. Guðmundsson.

16. Hluti úr batikteppi, Sigrún Jónsdóttir.

17. og 18. Myndvefnaður, Ásgerður Búadóttir.

19. Samfelluhnaður úr silfri, ca. 1800 (Þjóðminjasafn).

20. og 21. Silfursmíði, hálsmen og hringur, Jóhannes Jóhannesson.



15.

Innflutningurinn, sem sumir hafa viljað halda fram, að væri hinn nauðsynlegi hvati fyrir okkar framleiðendur, er evrópskt meðallag, sem ósjálfrátt verður mælikvarðinn á gæðavöndun og formskyn framleiðenda og alls almennings hér.

Eftir því sem næst verður komizt, eru innflutt húsgögn u. þ. b. 10% af seldum húsgögnum s.l. ár.

Innflutningskvótinn 1966 var um 19 millj. + ca 100%, þ. e. ca 38 millj. að söluverðmæti. Söluverðmæti innlendra húsgagnaframleiðslu er áætlað vera 340 millj. (Ókleift hefur reynt að afla fullnægjandi heimilda um framleiðslu eða söluverðmæti innlendra húsgagna).

Það væri fróðlegt að vita, hve miklum hluta af þessari upphæð hef-



16.

ur verið varið til formköpunar og/eða tilrauna til könnunar á gæðum hráefnis og endingargildis fullunninnar vöru.

Það dylst engum, sem til húsgagnaframleiðslu þekkir, að framleiðendur eiga við ýmsa erfiðleika að etja, og það er kannski ótímabært að ætlast til, að okkar framleiðendur geti í dag eða á morgun keppt við t. d. Norðurlandabjórðirnar á þessu sviði.


En það hlýtur þó vissulega að vera takmarkið. Eins og um fleiri greinar iðnaðar veldur hinn þröngi markaður mestum erfiðleikum, en þessi markaður verður heldur ekki stækkaður, nema veruleg hugarfarsbreyting eigi sér stað með tilliti til eigin formköpunar framleiðenda.

Árið 1959 og 1960 gengust húsgagnaarkitektar og framleiðendur fyrir húsgagnasýningum. Þetta var vissulega spor í rétta átt og hefði átt að geta orðið upphaf að íslenskri hönnun íslenskra húsgagna.

Þeir hlutir, er fram úr þóttu skara, voru sendir á handiðnaðarsýningu í München. Einn þessara muna hlaut þar viðurkenningu. Á þessum húsgagnasýningum var einnig sýndur annar listiðnaður, svo sem keramik, silfur (smelti) og myndvefnaður. Ég þykist vita, að flestir er sóttu þessar sýningar, telji sig hafa haft nokkurt gagn og gaman af.

Það er miður, að þessi starfsemi skuli hafa legið niðri um sinn.

17. og 18.



15. Stóll, Gunnar H. Guðmundsson.

16. Hluti úr batikteppi, Sigrún Jónsdóttir.

17. og 18. Myndvefnaður, Ásgerður Búadóttir.

19. Samfelluhnaður úr silfri, ca. 1800 (Þjóðminjasafn).

20. og 21. Silfursmíði, hálsmen og hringur, Jóhannes Jóhannesson.